

Tækifæri við notkun gervigreindar í háskólasamfélaginu Kostir og takmarkanir

Helena Sigurðardóttir, Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð, Háskólinn á Akureyri
Helgi Freyr Hafþórsson, Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð, Háskólinn á Akureyri
Sigríður Halldórsdóttir, Hjúkrunarfræðideild, Háskólinn á Akureyri

**Lykilorð — Notkun gervigreindar, kostir gervigreindar,
takmarkanir gervigreindar, háskólanemar, háskólakennarar**

I. INNGANGUR

Samhliða almennara aðgengi að gervigreindartækni hafa ýmsar breytingar átt sér stað í háskólasamfélaginu. Tilgangur rannsóknarinnar var að leggja í þá vinnu að skoða tækifæri sem notkun gervigreindar getur haft í för með sér, bæði fyrir háskólakennara og háskólanemendur. Með því að skoða tækifæri og kosti við notkun gervigreindar í háskólasamfélaginu var einnig ákveðið að velja fyrir sér takmörkununum. Töluverðar umræður hafa átt sér stað í samfélaginu um notkun gervigreindar, ýmsar siðferðilegar áskoranir og heiðarleika í vinnu, námi, rannsóknum og kennslu. Með tilkomu nýrrar tækni er mikilvægt að skoða hvaða hlutverk og hvaða möguleika hún getur fært okkur.

Markmiðið með rannsókninni var að greina megin kosti og takmarkanir notkunar gervigreindar í háskólasamfélaginu, bæði fyrir háskólanema og háskólakennara til þess að geta miðlað þekkingunni áfram og nýtt á uppbyggilegan máta. Meðal helstu kostna eru einstaklingsmiðun námsefnis, fjölbreyttir möguleikar á endurgjöf, aukið aðgengi og gagnvirkni ásamt stuðningi við nemendur og kennara. Takmarkanirnar voru meðal annars: skortur á stefnumótun á notkun gervigreindar, siðferði, persónuvernd gagna, skilningur notenda, ritstuldur, jafnræði til notkunar og tæknilegir örðugleikar.

II. AÐFERÐ

Rýnt var í allar rannsóknir og fræðilega greiningu sem höfundar fundu um kosti og takmarkanir notkunar gervigreindar í háskólasamfélaginu. Notast var við kerfisbundna rýniaðferð við greiningarvinnuna. Gögnin voru sett upp á þrens konar máta: texta-, töflu- og myndformi til að draga saman meginþætti sem einkenndu kosti og takmarkanir við notkun gervigreindar í háskólasamfélaginu.

III. NIÐURSTÖÐUR

Notkun gervigreindar getur gert háskólanám gagnvirkara og eftl áhugahvöt háskólanema. Hún getur umbreytt menntun háskólanema á jákvæðan hátt til dæmis með því að sérsníða fræðsluupplifun að þörfum hvers og eins, og hugsanlega aukið þátttöku þeirra með viðeigandi og krefjandi efni. Þá geta gervigreindarverkfæri stutt háskólanema í ensku sem erlendu tungumáli með því að rjúfa tungumálhindranir. Þar sem auðvelt er að búa til ritgerðir og verkefni með gervigreindarverkfærum geta þó skapast áhyggjur af ritstuldi og frumleika. Of mikið traust á gervigreind, til dæmis í ritgerðarskrifum, gæti þó tafið þróun gagnrýnnar hugsunar og ritfærni háskólanema. Fyrir háskólakennara getur notkun gervigreindar dregið úr stjórnunarbyrði þeirra og þannig gert þeim kleift að einbeita sér að persónulegri kennslu og stuðningi við háskólanema. Þá getur gervigreindin stóreflt fræðivinnu þeirra þar sem hún virkar eins og viðbótargreind á öllum stigum rannsóknarferlisins.

IV. UMRÆÐUR

Mikilvægt er að háskólanemar og háskólakennarar þekki bæði kosti og takmarkanir gervigreindar. Aðilar innan háskólasamfélagsins þurfa að taka markvissa afstöðu til notkunar gervigreindar vegna fjölmargra kosta en jafnframt takmarkana hennar, til dæmis hafa ekki allir háskólanemar sama aðgang að gervigreindarverkfærum, sem gæti aukið bilið milli mismunandi félags- og efnahagshópa. Þá verður heildstæð háskólakennslu- og námsstefna að vera fyrir hendi því án þess er erfitt að þróa ramma fyrir notkun gervigreindar í háskólasamfélaginu.

Við Háskólann á Akureyri hafa verið haldnar fjölmargar vinnustofur og hádegismálstofur í tengslum við innleiðingu og notkun gervigreindar í háskólasamfélaginu. Stefnt er að því að kynna kosti og takmarkanir, bæði með fræðslu og samvinnu við nemendur og starfsfólk. Notendur gervigreindar innan HA hafa verið viljugir að deila reynslu sinni bæði í samtölum og þátttöku í hádegismálstofum. Með áframhaldandi uppbyggingu skapast grundvöllur til að þróa háskólasamfélagið og auka stafræna hæfni starfsfólks og nemenda.

TILVÍSANIR

- Bates, T., Cobo, C., Mariño, O., & Wheeler, S. (2020). Can artificial intelligence transform HE? *International Journal of Educational Technology in HE* (editorial), 17, 1-12.
- Bond, M., Khosravi, H., De Laat, M. et al. (2024). A meta systematic review of artificial intelligence in higher education: a call for increased ethics, collaboration, and rigour. *Int J Educ Technol High Educ* 21(4).
- Chan, C. K. Y. (2023). A comprehensive AI policy education framework for university teaching and learning. *International Journal of Educational Technology in HE*, 20(38).
- Gibson, D., Kovanovic, V., Ifenthaler, D., Dexter, S., & Feng, S. (2023). Learning theories for artificial intelligence promoting learning processes.

- British Journal of Educational Technology*, 54(5), 1125–1146.
- Kaebnick, G. E., Magnus, D. C., Kao, A., Hosseini, M., Resnik, D., Dubljević, V., Rentmeester, C., Gordijn, B., & Cherry, M. J. (2023). Editors' statement on the responsible use of generative AI technologies in scholarly journal publishing. *Medicine, Health Care and Philosophy*, 26(499-503).
- Punar Özçelik, N., & Yangın Ekşi, G. (2024). Cultivating writing skills: The role of ChatGPT as a learning assistant—a case study. *Smart Learning Environments*, 11(10).
- Walter, Y. (2024). Embracing the future of Artificial Intelligence in the classroom: The relevance of AI literacy, prompt engineering, and critical thinking in modern education. *International Journal of Educational Technology in HE*, 21, 15.
- Zawacki-Richter, O., Marín, V. I., Bond, M., & Gouverneur, F. (2019). Systematic review of research on artificial intelligence applications in higher education - where are the educators? *International Journal of Educational Technology in Higher Education*, 16(1), 1-27.